

Mál nr. 214/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Innbústrygging fjölskyldutryggingar.

Gildissvið vátryggingar. Túlkun samnings.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. júlí 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 19. ágúst 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf M, ódagsett.
4. Listar yfir muni.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að einbýlishús í eigu M brann á Siglufirði hinn 28. febrúar 2022 og varð þar altjón á innbúi hans. M hefur fengið greiddar bætur úr sérstakri innbústryggingu sem hann hafði keypt hjá V þar sem hið vátryggða var innbú sem staðsett var í umræddu húsnæði hans á Siglufirði. M hafði á tjónsdegi aðra vátryggingu, fjölskyldutryggingu, þar sem hið vátryggða var innbú sem staðsett er í húsnæði hans í Kópavogi. M hefur krafist bóta úr þeirri vátryggingu á þeim grundvelli að sú innbústrygging fjölskyldutryggingar veiti vernd fyrir almennt innbú sem „um stundarsakir“ er staðsett utan heimilis hérlandis, sbr. gr. 3.1 í 1. kafla vátryggingarskilmála fyrir fjölskyldutryggingu, en sá liður takmarkast við 15% af vátryggingarfjárhæð innbústryggingar húsnæðis í Kópavogi, sem virðist, af gögnum málsins hafa verið tæp 21 milljón króna.

V hefur fallist á að greiða kr. 1.703.000 krónur vegna þessa en endanleg bótakrafa M er 2.783.000 krónur, sbr. ódagsettar athugasemdir hans við bréf V til nefndarinnar dags. 19. ágúst 2022

Ágreiningur stendur um eftirfarandi muni sem M telur að séu munir sem geti verið um stundarsakir utan heimilis: DVD diskasafn, jólasbraut, TDK Sound cube spilar, sjálfupplásanlegar gestavindsængur, 2 sjóveiðistangir, 2 sjóstangveiðihjól, 3 silungastangir með hjóli, 2 töskur undir silungsveiðidót með veiðarfærum, unglingavöðlur og vöðluskór, þurrbúningur ásamt skóm, hönskum, hettu og innanundir flísgalla, blautbúningar, björgunarvesti og flotbúningur, göngutjald, svefnpoki og tjaldþýna. M verðmetur þessa muni á 1.080.000 krónur.

M telur að allir þessir munir séu þess eðlis að þeir geti verið um stundarsakir utan venjulegs heimilis og skýrir það m.a. með því að hann og fjölskylda hans hafi um árabíl átt bát eða báta og stundað veiðar og hafi bátar oft verið teknir með norður á Siglufjörð og þess vegna hafi verið nokkur búnaður geymdur þar. Einnig telur M að eðlilegt sé að útivistarbúnaður sé bæði á heimili í Kópavogi og á Siglufirði þar sem fjölskyldan ferðist frá því húsnæði. Einnig gefur M skýringar á geisladiskasafni og spilara, ásamt jólasbrauti sem hafði verið skilið eftir tímabundið á Siglufirði eftir jóladvöl.

V hefur hafnað því að greiða bætur vegna þeirra muna sem taldir eru upp hér að ofan meðal annars með vísan til þess að tjón hafi orðið að vetri og búnaður sem tengist sumarveiði og ferðalögum sé þannig ekki um stundarsakir utan heimilis í Kópavogi, þar sem um er að ræða muni sem ekki eru almennt notaðir á vetrartíma. V vísar til úrskurðar nefndarinnar í máli 334/2021 máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur er um greiðslu bóta fyrir tiltekna muni í eigu M og hvort þeir munir séu þess eðlis að þeir geti verið „um stundarsakir“ utan heimilis í skilningi gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum innbústryggingar fjölskyldutryggingar M vegna húsnæðis hans í Kópavogi. Engar sérstakar skýringar eru í vátryggingarskilmálum V á því hvaða hlutar innbús geti verið þess eðlis að þeir séu um stundarsakir utan heimilis og í hversu langan tíma. Verður því að taka mið af aðstæðum hvers og eins vátryggingartaka þegar slíkt mat fer fram, ella hefði V getað skilgreint umrædda muni með skýrari hætti í vátryggingarskilmálum sínum.

Í málskoti og viðbótarathugasemdum M til nefndarinnar eru settar fram trúverðugar skýringar á notkun muna sem geta verið í notkun jafnt á heimili sem og um stundarsakir utan heimilis í ljósi fjölbreyttrar notkunar fjölskyldu M á húsnæði því sem brann á Siglufirði sem og fjölbreyttri frístundaiðkun. Þannig er mál þetta ekki sambærilegt við úrskurð í máli nr. 334/2021 þar sem um var að ræða sérhæfðan búnað

sem hafði verið skilinn eftir á stað um lengri tíma sem ekki var sýnilegt að málskotsaðili dveldi á reglulega.

Í ljósi þessa verður að leggja skýringar M til grundvallar á því að þeir munir sem hann gerir kröfu um bætur vegna hafi verið þess eðlis að þeir voru um stundarsakir utan heimilis hans í húsnæði í Kópavogi og telst M því eiga rétt á greiðslu 1.080.000 króna úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu 1.080.000 króna bóta úr innbústryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 11. október 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir